

Undirbúningur fyrir Zika í ESB

Samantekt

Zika faraldurinn heldur áfram að breiðast út í versturálfu og í karabíska hafinu og hafa nú komið fram sýkingar í mörgum löndum um allan heim. Nú liggja fyrir vísbendingar um tengsl á milli sýkingar af veirunni meðan á meðgöngu stendur og meðfæddri vansköpun á heila fósturs á þroskaskeiði. Einnig eru tengsl milli sýkingar af völdum Zika veiru og Guillain-Barré heilkennis, sem einkennist af lömum og öðrum einkennum í taugakerfi hjá fullorðnum en sem er minna algengt hjá börnum.

Það er hugsanlegt að fram geti komið tilfelli þar sem Zika veiru smit eigi sér stað tinnan Evrópu nú í sumar í löndum sem eru með stóran moskítostofn af tegundinni *Aedes albopictus* (moskítófluga sem getur borið með sér Zika), og þar sem vistfræðilegir og veðurfarslegir þættir stuðla að smiti.

Á sjálfstjórnarsvæðinu Madeira (Portúgal) eru meiri líkur á Zika tilfellum sem smitast hafa innan þess svæðis heldur en á meginlandsvæði Evrópu. Helsta moskítótegundin sem getur borið með sér Zika, *Aedes aegypti*, er til staðar á Madeira en aftur á móti sú tegund moskító sem ekki er eins skæð, *Aedes albopictus*, hefur komið fram á meginlandi Evrópu.

Tilfelli þar sem Zika veiran hefur borist inn í landið eru að koma fram í Evrópu og búist er við því að þetta ástand haldi áfram, þegar haft er til hliðsjónar hversu mikill fjöldi fólks er að ferðast milli helstu smitsvæða og Evrópu. Einnig er búist við því að Zika smit eigi sér stað vegna kynmaka ferðmanna sem snúa aftur frá smitsvæðum, og er nú þegar verið að tilkynna um slíkt í sumum löndum.

Mikilvægt er að ESB lönd séu undirbúin undir slíka hættu. Þetta útheimtir aðgerðaráætlanir vegna viðbragða, þar á meðal færni til að uppgötva og

greina tilfelli snemma í ferli og til að framkvæma eftirlit, auk aðgangs að nægum úrræðum til að geta framkvæmt aukinn moskítóviðbúnað. Brestur á því að gera slíkt gæti leitt til þess að sjúkdómurinn dreifi sér víðar, sem hefur í för með sér aukinn kostnað vegna moskítóviðbúnaðar og vegna umönnunar þeirra sem smitast hafa, svo og auknar áhyggjur hjá almenningi.

Þörf er á auknum viðbrögðum og lönd geta sameinað áætlanir sínar kringum:

- klíniska meðvitund í því skyni að hægt verða að greina sjúkdóm snemma
- rannsóknarstofur séu útbúnar til að greina Zika
- eftirlit
- viðbúnað gegn moskító
- almannatengsl.

Vandamálið

Í skjali þessu er lögð áhersla á viðbúnaðarráðstafanir sem hægt er að nota til að draga úr áhættu þeirri sem stafar af því að Zika veiran dreifist um meginlandsálfu Evrópu, fyrst og fremst til að vernda vanfærar konur og konur sem óska eftir því að verða vanfærar, þar sem tekið er tillit til tengsla sem eru milli Zika veirunnar og meðfæddrar vansköpunar á heila fóstura á þroskaskeiði.

Þegar gengið er út frá hinum mikla fjölda fólks sem ferðast milli Zika smitaðra svæða og Evrópu þá er mögulegt að veiran berist til Evrópu.

Moskítóflugur sem geta borið með sér Zika veiruna finnast á ákveðnum stöðum í Evrópu, sérstaklega í suður Evrópu (sjá mynd 1). Þetta hefur í för með sér að tilfelli þar sem um er að ræða veirusmit vegna þess

að viðkomandi fær moskítóbit innan ESB, sem og tilfelli þar sem smit á sér stað vegna kynmaka.

Zika tilfelli hjá ferðólki sem er á heimleið er nú þegar verið að skrá í ESB löndum sem og innflutt tilfelli meðfæddrar vansköpunar í heila fóstura á vaxtarskeiði. Smit af Zika veiru við kynmök hafa einnig verið skráð og gætu komið upp í Evrópu vegna ferðamanna sem eru á heimleið frá smitsvæðum.

Áhrif þess að ekki sé gripið til aðgerða

Snemmbúin uppgötvun tilfella getur farist á mis sé um að ræða skort á meðvitund um Zika veiruna hjá klínískum starfsmönnum, eða sé um að ræða takmarkaða afkastagetu hjá rannsóknarstofum. Að auki getur skortur á viðeigandi og tímanlegum viðbúnaði gagnvart moskítóvanda, skortur á upplýsingum til almennings um áhættu varðandi smit við kynmök og ófullnægjandi forvarnir gagnvart moskítóbíti einnig aukið líkur á útbreiðslu veirunnar.

Hugsanleg efnahagsleg byrði Zika tilfella innan ESB gæti verið umtalsverð, þar sem hún stafaði af:

- **Auknu klínisku eftirliti sem nauðsynlegt væri fyrir vanfærar konur á smitsvæðum og sem væru að koma heim frá smitsvæðum:** vanfærar konur eru hvattar til að láta fylgjast með sér reglulega og gangast undir eftirfylgni hafi þær verið útsettar fyrir Zika veirunni.
- **Langtíma afleiðingar umönnunar barna sem fæðast með höfuðsmæð:** höfuðsmæð er ævilangt ástand þar sem ekki er til staðar nein þekkt lækning eða viðurkennd meðferð. Börn sem eru í þessu ástandi munu þurfa á reglubundnu eftirliti að halda og læknaaðstoð þar sem fylgst er með þeim og veittur stuðningur varðandi vöxt og þroska þeirra.
- **Kostnaður vegna heilsugæslu til að fylgjast með tilfellum Guillain–Barré heilkennis:** slík tilfelli krefjast oft umönnunar þar sem um er að ræða öndunarvélur á gjörgæsludeildum.

Hagur af langtíma fjárfestingum í viðbúnaði er augljós. Búast má við nýjum innfluttum tilvikum í framtíðinni, þar sem koma fram svipuð vandamál, og séu settar upp góðar starfsreglur á sviði viðbúnaðar mun það gera einstökum löndum kleift að takast betur á við Zika og aðrar veirur sem berast með *Aedes*, eins og beinbrunasótt og chikungunya.

Hvað er í okkar valdi að gera?

Hvað er í okkar valdi að gera til að tryggja að sjúkdómur finnist snemma og til að tryggja skjótt viðbrögð þannig að dregið sé úr hættu á útbreiðslu innan ESB?

Hægt er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk varðandi mikilvægi þess að Zika veira finnist fljótt. Hægt er að koma upp viðmiðunarreglum fyrir klínískt starfsfólk um það hvernig eigi að fara með sjúklinga sem eru undir grun um að vera með Zika (þar á meðal að gera ráðstafanir um að draga úr hættu á að sýktir

einstaklingar beri veiruna í viðkomandi staðbundinn moskítóstofn), hvernig staðfesta eigi Zika smit og hvernig eigi að greina frá sjúkdómum sem berast með moskító.

Þegar um er að ræða viðvörðun vegna almannaheillar, eftir að til dæmis staðbundin tilfelli hafa komið upp, þá mun það gera það kleift að að greina tilfelli á skjótan hátt sé hægt að dreifa upplýsingum umsvifalaust til allra heilbrigðisstarfsmanna, stofnana á sviði almannaheilla og annarra geira eins og á sviði umhverfis, samgangna og ferðmannaiðnaðar.

Mikilvægt er að innlend yfirvöld tryggi fullnægjandi fjölda löggildra rannsóknarstofa til að finna veiruna, til greiningar á veirunni og til tegundarprófunar á veirum á grundvelli meðfæna. Hvetja ætti til öflugs samstarfs og samskipta milli staðbundinna rannsóknarstofa og vísa ætti til annarra rannsóknarstofa til framkvæmda á viðbótartilvitnum.

Deila eftirlitsgögnum og gögnum vegna vöktunar á kerfisbundinn og reglulegan hátt með öllum geirum og á öllum stigum (staðbundið, svæðisbundið og á landsvísi). Einnig hefur verið farið fram á að löndin tilkynni um tilfelli til evrópska eftirlitskerfisins (TESSy).


Hægt er að hvetja til þátttöku sambandsins við að halda moskítóstofni ESB í skefjum bæði með einstaklingsbundnum og sameiginlegum ráðstöfunum.

Hvaða úrræði eru fyrir hendi þegar um er að ræða svæðisbundna útbreiðslu?

Mikilvægt er að skipuleggja og undirbúa ráðstafanir til að vera með moskítóviðbúnað þannig að hægt sé að virkja slíkar ráðstafanir umsvifalaust eins skjótt og innflutt tilvik koma upp. Skortur á því að finna fljótt staðbundin tilfelli chikungunya í norður Ítalíu árið 2007

Gagnlegar ECDC heimildir

- [Reiknirit fyrir stjórn almannaheilsu vegna rannsókna á Zika-veirusmiti](#) er fánlegt og hægt er að nota það varðandi sjúklinga með einkenni.
- [Leiðbeiningar varðandi eftirlit með ágengum moskító í Evrópu](#) veitir gagnlegt yfirlit yfir skordýrafræðilegt eftirlit innalands og svæðisbundið.
- [Bráðabirgðaeiðbeiningar fyrir starfsfólk í heilsugæslu og greiningu á Zika veiru á rannsóknarstofu](#) eru fánlegar á netinu og hægt er að nota þær sem leiðbeiningar fyrir greiningu á sýnishornum.
- [Zika veiru sjúkdómsfaraldur: Leiðbeiningar fyrir áætlun um viðbúnað vegna sjúkdóma sem breiðast út með Aedes aegypti og Aedes albopictus](#) undirstrikar ráðstafanir sem geta með árangursríkum hætti dregið úr áhættu á innflutningi og staðbundnu sjúkdómssmiti af völdum *Ae. aegypti* og *Ae. albopictus*.
- [Zika faraldurssíða bls.](#) er með allt ríftefni sem gefið er út af Sóttvarnastofnun Evrópu - ECDC um núverandi Zika faraldur

Mynd 1. Svæði í Evrópu þar sem *Aedes albopictus* er til staðar, janúar 2016

Heimild: Sóttvarnastofnun Evrópu, VectorNet. Stokkhólmi: 2016.

olli því að sjúkdómurinn breiddist út og fór í yfir 200 tilfelli í héraðinu [Rezza, o. fl. 2007].

Þær ráðstafanir sem yfirvöld geta gripið til komi upp faraldur eru meðal annars að draga úr fjölda fullvaxinna moskító með því að úða skordýraeitri samkvæmt reglugerð um tilskipun ESB um sæfiefni (Reglugerð (ESB) 528/2012). Almenn stefna varðandi notkun sæfiefna hjá stofnunum eða staðaryfirvöldum er hægt að framkvæma til að hafa eftirlit með smitberum innanlands.

Að virkja almenning til að framkvæma ráðstafanir til eftirlits með smitberum í eigin umhverfi (dregið úr æxlunarstöðvum, hlífðarbúnaður fyrir einstaklinga) skiptir einnig máli. Meðan á beinbrunasótt á Madeira stóð árið 2012, fór fram upplýsingaáttak hús úr húsi sem og samfélagstengdar aðgerðir sem tóku til mismunandi geira samfélagsins samfara birtingum á samfélagsmiðlum [Sousa, o. fl. 2012].

Hvað getur maður gert til að draga úr hættunni af Zika-tengdum skaða hjá vanfærum konum?

Vegna vísbendinga um tengsl milli smits af Zika veirunni meðan á meðgöngu stendur og meðfæddrar vansköpunar heila hjá fóstri sem er að þroskast, er hægt að gera ráðstafanir til að upplýsa vanfærar konur og konur sem áætla að verða vanfærar um hættuna á Zika smiti. svo og bestu leiðirnar til að koma í veg fyrir moskítóbít.

Hægt er að gefa vanfærum konum og konum sem ósk eftir því að verða vanfærar, skýrar ráðleggingar

þegar þær eru að ferðast til og frá svæðum með virkri útbreiðsla veirunnar sem og þar sem konur eru búsettar á hættusvæðum.

Verið getur að skoða verði alvarlega, í samræmi við innlendar leiðbeiningarreglur, að auka eftirlit og eftirfylgni (ásamt viðeigandi klínískar ráðleggingar, sjúkdómsgreiningarþjónustu, og umönnun) með vanfærum konum sem koma til baka frá svæðum þar sem útbreiðsla er virk.

Aukin meðvitund meðal fæðingarlækna og taugalækna varðandi einkenni smits af völdum Zika veiru veldur því að kleift verður að finna tilvik snemma.

Komið hafa fram nokkur skráð tilvik þar sem Zika veira barst frá kórlum til kvenna vegna kynmaka. Lönd gætu tekið til skoðunar að setja upp skýrar leiðbeiningarreglur varðandi varúðarreglur sem karlar og konur kunna að fara eftir þegar þau koma frá svæðum þar sem útbreiðsla er virk, að því er varðar tímann sem liðinn er eftir heimkomu þangað til viðkomandi ætti að framfylgja reglum um öryggi varðandi kynmök.

Hvað er hægt að gera til að draga úr hættu á útbreiðslu gegnum blóðgjafir og vökvagjafir og líffæraflutninga?

Blóðgjafir frá blóðgjöfum og lifandi frumugjafir og vefgjafir (eins og sæðis-) sem eru í hættu á að smitast af Zika veiru má slá á frest tímabundið. Sóttvarnastofnun Evrópu - ECDC sendir frá sér vikuleg landakort sem sýna svæði þar sem er moskító-dreifð

Zika útbreiðsla í Evrópu. Þessar upplýsingar er hægt að nota af hálfu innlendra yfirvalda til að auðkenna svæði með útbreiðslu og öryggisráðstafanir varðandi efni sem eru upprunnin úr mönnum (SoHO) sem mætti beita, svipaðar þeim sem nú þegar eru notaðar vegna vestur-Nílar sótthitans. Skimun í rannsóknarstofu á blóði frá blóðgjöfum þar sem notast er við kjarnasýru RNA - próf má nota til að viðhalda sjálfbærum blóðbirgðum.

Viðbúnaðaráætlanir varðandi SoHO öryggi á svæðum þar tilkynnt hefur verið um tilfelli ætti að vera tilbúnar til virkjunar. Slíkar áætlanir innihalda aðgerðir sem framkvæma á af innlendum yfirvöldum, SoHO stofnunum og öðrum hagsmunadílum sem bera ábyrgð á öryggi og gæðum SoHO vara.

Þessi áætlun getur einnig tekið til skoðunar forvarnarráðstafanir sem þarf að nota við hvert mikilvægt skref innan SoHO aðfangakeðjunnar. Með hliðsjón af faraldursfræðilegri stöðu þá getur undirbúningsáætlunin einnig komið upp aðferðum til að meta hættuna stöðugt.

Vísbendingar

Árangursrík samþætt forvörn og viðbrögð við útbreiðslu chikungunya í Montpellier, Frakklandi

Hér á eftir fylgir dæmi um árangursríka samþætta forvarnar- og viðbragðsáætlun í Frakklandi til að halda aftur af útbreiðslu chikungunya – enn ein veira sem breiðist út með *Aedes albopictus*.

Faraldur 12 tilvika af chikungunya sem breiðst höfðu út á staðnum kom upp í Montpellier árið 2014, breiddist út með *Aedes albopictus* moskító, sama moskító sem einnig gat breitt út Zika [Delisle, o. fl. 2015]. Fyrsta tilfellið var ferðamaður sem var að snúa heim frá Kamerún.

Höfundarnir staðhæfa að skortur á umsvifalausri eftirlitsmeðferð kringum bústað aðaltilfellisins, og skortur á meðvitund um chikungunya meðal heilbrigðisstarfsmanna auðveldaði útbreiðslu veirunnar. Hins vegar, þá olli góð viðbúnaðaráætlun franska yfirvalda, sem einbeitti sér að faraldurfræðilegum könnunum og endurteknum eftirlitsmeðferðum vegna moskító, því að skjótt var hægt að halda aftur af útbreiðslu veirunnar. Áætlunin gerði það kleift að hægt var að gera ráð fyrir nauðsynlegum úrræðum, eins og að lýsa í smáatriðum hver bar ábyrgð á hverju og hvernig koma eigi til skila upplýsingum varðandi mismunandi stig áhættu.

Aðgerðir sem gripið var til eftir að búið var að greina aðaltilfellið voru: eftirlit með moskító í nágrenninu, endurtekin eftirlitsmeðferð vegna moskító skjótt eftir auðkenningu aðaltilfellisins, og harðskeytt upplýsingaherferð.

Þátttaka íbúa á staðnum svo og heilbrigðisstarfsfólks var lykilatriði í þeim árangri sem náðist í því að halda aftur af útbreiðslu. Höfundarnir leggja til að gerð verði áætlun um viðbúnað af hálfu innlendra og staðbundinna yfirvalda, fagaðila með moskító eftirliti og innlendra rannsóknarstofa til að bæta viðbrögð opinbera heilbrigðiskerfisins gagnvart, eins og í þessu tilviki, chikungunya, áður en tilfelli koma upp.

Heimildir

Þetta skjal studdist við eftirfarandi skýrslur, greinar og rit:

1. Sóttvarnastofnun Evrópu. Flýtiáhættumat. Sjúkdómsfaraldur vegna Zika veiru: Sjötta uppfærsla, 20 maí 2016. Stokkhólmi: ECDC; 2016.
2. Sóttvarnastofnun Evrópu. Sjúkdómsfaraldur vegna Zika veiru: Leiðbeining um viðbúnað vegna sjúkdóma sem breiðast út vegna *Aedes aegypti* og *Aedes albopictus*. Stokkhólmi: ECDC; 2016.
3. Rezza G, Nicoletti L, Angelini R, Romi R, Finarelli AC, Panning M, o. fl. Chikungunya veirusmit á Ítalíu: faraldur á tempruðu svæði. Lancet. 2007 desember 1;370(9602):1840-6.
4. Delisle E, Rousseau C, Broche B, Leparç-Goffart I, L'Ambert G, Cochet A, o. fl. Chikungunya faraldur í Montpellier, Frakklandi, september til október 2014. Euro Surveill. 2015;20(17).
5. Sousa CA, Clairouin M, Seixas G, Viveiros B, Novo MT, Silva AC, o. fl. Áframhaldandi útbreiðsla dengue af tegund 1 á sjálfstjórnarsvæðinu Madeira, Portúgal: bráðabirgðaskýrsla. Euro Surveill. 2012;17(49).
6. Sóttvafnastofnanir: Staðreyndir um höfuðsmæð <http://www.cdc.gov/ncbddd/birthdefects/microcephaly.html>.

Samkvæmt löggjöf ESB um alvarlega ógn yfir landamæri, samræmi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í samvinnu við aðildarríki ESB gegnum heilsbrigðisöryggisnefndina að tryggja upplýsingaskipti og tryggingu á samstillingu aðgerða um alla Evrópu. Hlutverk s+otvarnastofnunar Evrópu - ECDC felst í áhættumati og að veita framkvæmdastjórn Evrópusambandsins svo og aðildarríki ESB stuðning.

Stefnufirlit ECDC eru stutt rit sem beina sjónum að ákveðnu lýðheilsuvandamáli og bjóða upp á hugmyndir, studdar rökum, fyrir stefnumótendur og áhrifaþólk í Evrópu, innanlands og á ákveðnum svæðum um hvað megi gera til að taka á því.

Hönnunarskrámar eru birtar ásamt PDF svo að hægt sé að aðlaga skjalið fyrir innlenda notkun, til dæmis með því að þýða textana yfir á önnur tungumál.

Tillaga að tilvísun: Sóttvarnastofnun Evrópu. Undirbúningur fyrir Zika hjá ESB. Stokkhólmi: ECDC; 2016.

Skráarnúmer: TQ-04-16-490-IS-N
ISBN: 978-92-9193-934-3
DOI: 10.2900/02473

Mynd á forsiðu: Eric Bridiers, US Mission Geneva. Creative Commons (CC BY 2.0)

© European Centre for Disease Prevention and Control, 2016.
Afrítt er leyfð ef heimildir er getið.